

Fyrirspurn

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um endurskoðun samgönguáætlunar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hyggst ráðherra leggja fyrir Alþingi endurskoðaða samgönguáætlun hvað árið 2017 snertir í ljósi þess að verulega vantar upp á að fjárheimildir í fjárlögum séu í samræmi við samþykktu þingsályktun um samgönguáætlun nr. 65/145 frá 12. október 2016?
2. Verði ekki leitað samþykkis Alþingis fyrir breytingum á gildandi samgönguáætlun, hvaða lögum eða stjórnvaldsheimildum verður þá beitt til að velja þau verkefni sem fá framgang á árinu 2017 og hver ekki?
3. Hefur ráðherra lagt til eða hyggst hann leggja til að aukið verði við fjárheimildir Vega-gerðarinnar í fjárukalögum?